

DÝRAFRÆÐIN, JARÐFRÆÐIN OG MANNKYNSSAGAN

I

Það er erfitt að skýra í stuttu máli frá miklu efni, þannig, að þó geti að nokkru gagni komið. Skal það þó hér reynt.

Framvindusaga lífsins hér á jörðinni er á marga lund býsna fróðleg, og þá ekki síst að sjá hvernig ýmsar tilraunir hafa mistekist, með ýmiskonar mjög eftirtektarverðum árangri. Eru þar sérstaklega fróðleg dýrin, sem voru vel á veg komin með að verða að hryggdýrum, en tókst það þó ekki. Slíkar tilraunir voru viðleitni í þá átt að skapa veru, sem gæti hugsað, vitveru sem gæti komist svo langt, að taka að sér, að miklu leyti, stjórn lífsins og náttúruaflanna á þessum hnetti. En til þess þurfti að koma upp hryggdýrum. Heilinn er verkfæri hugsunarinnar, og án hryggjar gat ekki orðið um nægilega fullkominn heila að ræða; heilabúið er, eins og öll höfuðbeinin, ummyndaðir hryggjarliðir, eða, eins og réttara væri að segja, orðið til úr sama frumlíffæri hryggdýrsins og hryggjarliðirnir.

Þegar vér nú hugleiðum hina jarðfræðilegu sögu lífsins og sjáum, hversu margt hefir mistekist hér á jörðu í þeim efnunum, verður skiljanleg hættan á, að lífið á sumum jarðstjörnum alheimsins geti í heild sinni mistekist og ekki náð tilgangi sínum. En svo er, ef ekki tekst að koma upp vitveru, er svo sé vitandi vits, að hún geti tekið forustuna í sögu hnattarins, eins og áður er á vikið. Er þar um mjög greypilegan ósigur að ræða, þegar svo fer. En þó er engu líkara, en að til slíkra tíðinda dragi nú, einmitt hér á jörðu. Mannkyn jarðar vorrar virðist vera á barmi glötunarinnar. Mér hefir stundum verið að koma í hug, hvort það mundi jafnvel ekki geta flýtt fyrir ófriðarlokum, ef vísindamenn og heimspekingar væru

sammála um þessa niðurstöðu, og teldu allar horfur á, að styrjöld sú, sem nú er, gæti orðið hættulegri framtíð mannkynsins en nokkur áður. En þó að einhver einn láti slíkar skoðanir í ljósi, þá er hætt við að fari eins og svo oft áður, þegar hinum merkilegustu hugsunum og uppgötvunum hefir verið lítill gaumur gefinn, fyrr en seint og síðar meir. Hefir svo viljað vera, þó að stórbjóðir hafi átt í hlut, en hættan á, að svo geti farið, vitanlega ennþá meiri þegar um smábjóð er að ræða, jafnvel þó að það sé smábjóð, sem spáð hefir verið um, að þaðan sé að vænta nýrra hugsana, sem hina mestu þýðingu geti fengið fyrir allt mannkyn.